# Anna María Aradóttir
## Annikki Marjatta Karhunen



Fædd 30. maí 1940

Dáin 18. nóvember 2023

Útför frá Neskirkju laugardaginn 25. nóvember kl. 14:00
Jarðsett verður í Neskirkjugarði

# *Forspil*

## Fjær er hann ennþá

*Finnskt þjóðlag*

# *Signing og bæn*

## Kór úr Finlandia

Þýtur í skógum höfugt harmalag.
Himnanna faðir, gef oss nýjan dag.
:Lörð er í hlekki Finnlands frækna þjóð.
Flýtur á vötnunum tár – og blóð.:

Þýtur í skógum þúsund raddað lag.
Þjóðin er risin upp við nýjan dag.
:Lofsöngur hljómar hátt við morgunský.
Heilaga jörð, þú ert fædd á ný.:

*Jean Sibelius - Axel Guðmundsson þýddi*



# *Ritningarlestur*

## Heyr himnasmiður

Heyr himnasmiður
hvers skáldið biður.
Komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heiti' eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig.
Minnst mildingur mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjarta borg.

Gæt, mildingur mín,
mest þurfum þín,
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjar mögur,
málsefni fögur.
Öll er hjálp af þér
í hjarta mér.

*Þorkell Sigurbjörnsson*
*Kolbeinn Tumason*

# *Guðspjall*

## Nú legg ég augun aftur

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Peter Caspar Krossing - Sveinbjörn Egilsson*

## Ég fel í forsjá þína

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Peter Caspar Krossing - Matthías Jochumsson*






# Minningarorð

## Hærra, minn Guð, til þín

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Villist ég vinum frá
vegmóður einn,
köld nóttin kringum mig,
koddi minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Árla ég aftur rís
ungur af beð.
Guðs hús á grýttri braut
glaður ég hleð.
Hver og ein hörmung mín
hefur mig, Guð, til þín,
hærra, minn Guð, til þín
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

*Lowell Mason - Adams - Matthías Jochumsson*

## Allt eins og blómstrið eina

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

# *Moldun*

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hans Tomisöns - Hallgrímur Pétursson*

# *Blessun*

## *Eftirspil*

Blessuð sértu sveitin mín

*Bjarni Þorsteinsson*



Prestur: Séra Þorgrímur Daníelsson
Organistinn: Attila Szebik
Söngur: Kór Grenjaðarstaðakirkju

*Ástvinir þakka auðsýndan hlýhug.*
*Boðið er til erfidrykkju í Laxárnesi eftir útför.*

Prentmet Oddi Akureyri